

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Vigdís Tryggvadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Teams
<i>Fundarstjóri:</i>	Vigdís Tryggvadóttir	<i>Dagsetning:</i>	17. september 2025
<i>Fundarritari:</i>	Þórður Heimir Sveinsson	<i>Fundartími:</i>	13:00 - 14:30

Þátttakendur: Vigdís Tryggvadóttir (settur formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson og Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnun), Berglind Helga Bergsdóttir og Harpa Luisa Tinganelli (sérgreinadýralæknar fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun). Þá kom á fundinn Sólveig Jónsdóttir frá Bláum Akri ehf.

Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um lyfjameðhöndlun fiski- og laxalúsar

Umræða

- a. Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar vegna fiski- og laxalúsar á eldislaxi með Alpha Max vet (deltametrin) eða Salmosan vet. (azametifos) í baðlausn fyrir allar 7 kvíarnar í Kvígindisdal, Patreksfirði. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu út frá fyrirliggjandi gögnum, núverandi stöðu og þróun að mæla með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:30